

Breiðdalshreppur  
Skipulagsfulltrúi  
Selnesi 25  
760 Breiðdalsvík

**AFRIT**

Reykjavík 20. mars 2018  
UST201802-129/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Breiðdalshrepps 2018 - 2030 - forkynning**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Breiðdalshrepps er barst 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um forkynningu á tillögu að aðalskipulagi Breiðdalshrepps 2018 – 2030.

#### **Veitur**

Í greinargerð kemur fram að uppbyggingu fráveitumála er ekki lokið og að ráðast þurfi í úrbætur á Breiðdalsvík og að setja þurfi niður rotþrær þar sem þær eru ekki til staðar við íbúðarhús í sveitinni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar áætlanir um fráveitu séu tímasettar.

#### **Sorpförgun**

Í greinargerð kemur fram að eina sorpurðunarsvæði sveitarfélagsins er í landi Eydala innan Þverár og að þar hefur verið urðað sorp frá 1991. Einnig kemur fram að núgildandi starfsleyfi er til 1. júlí 2018. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið sæki um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn sem fyrst, því vinnsla starfsleyfis tekur tíma, þ.e. viðmið Umhverfisstofnunar er 240 dagar við vinnsluna. Einnig er mikilvægt að huga að því að fá undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrir rekstur sorpurðunarstaðarins til að brúa bilið frá því núgildandi starfsleyfi rennur út og nýtt tekur gildi.

#### **Skógræktar- og landgræðslusvæði**

Í umfjöllun um skógræktar- og landgræðslusvæði kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en skógrækt er hafin á þeim svæðum sem kveðið er á í náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal tilkynna til Skipulagsstofnunar um nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Einnig kemur fram í sama viðauka nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði skal tilkynna til viðkomandi sveitarfélags.

Umhverfisstofnun tekur undir þau atriði er gilda um skógrækt og landgræðslu og koma fram á bls. 41 í drögunum.

### **Efnistöku- og efnislosunarsvæði**

Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að merkt eru alls 19 svæði sem efnistökusvæði. Ekki kemur fram hve mikið efni á að nýta úr hverri námu, en fram kemur að engin náma á skipulagssvæðinu verði stærri en 25.000 m<sup>2</sup> eða 50.000 m<sup>3</sup>.

Umhverfisstofnun minnir á að einungis skal gera ráð fyrir efnistökusvæðum í aðalskipulagi ef til stendur að nýta efni úr þeim á skipulagstímabilinu. Einnig bendir stofnunin á að ef efnistökusvæði eru áætlað í fjallshlíð, þá þarf að gæta að áhrifum á landslag svæðisins.

### **Náttúruminjar**

Eins og fram kemur í greinargerð eru ekki friðlýst svæði innan Breiðdalshrepps, en eitt svæði er á náttúruminjaskrá, sem eru Leirur í Breiðdalsvík, svæði nr. 651 í skránni. Umhverfisstofnun tekur undir það að svæðið er einnig hverfisverndað í tillögunni.

Að mati Umhverfisstofnunar er sú úttekt á náttúruminjum innan sveitarfélagsins sem hefur farið fram til fyrirmyndar. Umhverfisstofnun tekur undir þá skilgreiningu á hverfisverndarsvæðum og þá áætlun um hverfisvernd sem fram kemur í tillögunni.

### **Umhverfisskýrsla**

Í umhverfisskýrslu segir að Leirurnar sem eru á náttúruminjaskrá hafi ekki notið formlegrar verndar til þessa, en að nú séu sett hverfisverndarákvæði fyrir svæðið. Umhverfisstofnun tekur undir ákvæði um hverfisvernd en bendir á að í náttúruverndarlögunum nr. 60/2013 eru skýr ákvæði um réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá sjá 37. gr. náttúruverndarlaganna.

### **Veggöng**


Á uppdrætti tillögunnar eru sýndar punktalínur sem tákna göng undir Breiðdalsheiði og önnur göng suður úr Breiðdal yfir í Berufjörð. Einnig er umfjöllun um þessi tvö jarðgöng í greinargerð og eru þau talin styttri göng og hagkvæmari en Axargöngin, og einnig er talið að þau muni styðja samgöngur á svæðinu betur og hafa meiri og jákvæðari áhrif á byggðapróun á svæðinu. Í umhverfisskýrslu kemur þessi tillaga einnig fram, en ekki er fjallað um umhverfisáhrif gangagerðarinnar. Umhverfisstofnun telur tillöguna hafa kosti en vísar allri umfjöllun um umhverfisáhrif til seinni tíma ef/þegar til slíkrar áætlunar kemur.


### **Reiðleiðir/gönguleiðir**

Að mati Umhverfisstofnunar er merking reiðleiða og gönguleiða á uppdrátt til fyrirmyndar.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur